

Sveitarstjórnir Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Sveitarfélagsins Ölfuss, Flóahrepps, Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps, sem hafa stofnað með sér byggðasamlagið Bergrisann bs. gera með sér:

## Þjónustusamning um málefni fatlaðs fólks

### 1. Forsendur

- 1.1. Samningurinn er í samræmi við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir á milli ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustunnar til sveitarfélaganna. Stofnun byggðasamlagsins Bergrisans bs byggir á 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### 2. Markmið og stefna

- 2.1. Markmið samningsins eru einkum að:
  - 2.1.1. Tryggja fötluðum samþætta og heildstæða nærþjónustu.
  - 2.1.2. Laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðra með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra.
  - 2.1.3. Efla félagsþjónustu á svæðinu.
  - 2.1.4. Stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta.
- 2.2. Þjónustusvæðið mun móta sér formlega stefnu um þjónustu við fatlaða á svæðinu í samvinnu við sveitarfélögin, notendur og hagsmunaaðila.

### 3. Þjónustusvæði Suðurlands

- 3.1. Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða og hafa stofnað byggðasamlagið Bergrisann bs til að halda utan um rekstur málefna fatlaðra.
- 3.2. Þjónusta við fatlaða verður samþætt hinum þremur félagsþjónustusvæðum sveitarfélaganna á Suðurlandi, þannig að fatlaðir njóti heildstæðrar nærþjónustu hjá félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags.
- 3.3. Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um veitingu hennar á mati á þjónustuþörf. Sá sem metinn er í mestri þörf fyrir búsetuþjónustu á heimili með sólarhringsþjónustu skal að öllu jöfnu hafa forgang að slíkri þjónustu, óháð búsetu. Félagþjónustur og skjólstæðingar þeirra hafa jafnan aðgang að sérhæfðri þjónustu einstakra félagsþjónustusvæða.

### 4. Stjórn byggðasamlagsins

- 4.1. Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð í samræmi við samþykktir þess.

- 4.2. Stjórn byggðasamlagsins hefur yfirumsjón með fjármálum þjónustusvæðisins. Í þessu felst meðal annars:
- áætlanagerð og eftirlit vegna rekstrarsjóðs þjónustusvæðis,
  - umsjón með gerð sameiginlegs ársreiknings byggðasamlagsins,
  - samningagerð við sjálfstæða þjónustuaðila,
  - að leggja mat á tillögur þjónusturáðs um framlög vegna ófyrirséðra útgjalda samkvæmt verklagsreglum þar um,
  - söfnun upplýsinga frá aðildarsveitarfélögum um ráðstöfun sveitarfélaganna á fjármunum sem ætlaðir eru til málaflokksins.
- 4.3. Fulltrúar sveitarfélaganna í samráðshópi Bergrisans um málefni fatlaðs fólks, sbr. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, eru þeir sömu og kjörnir eru í stjórn Bergrisans. Hagsmunasamtök fatlaðs fólks skulu á móti skipa þrjá fulltrúa í hópinn.

## 5. Þjónusturáð

- 5.1. Framkvæmd samningsins er í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna:
- Félagsþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar.
  - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.
  - Skóla- og velferðarþjónustu Árneshóps
- 5.2. Dagleg stjórnun og samhæfing vegna samningsins er í höndum þjónusturáðs sem starfar á grundvelli erindisbréfs sem stjórn byggðasamlagsins setur og gerir tillögur um stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar byggðasamlagsins.
- 5.3. Þjónusturáðið er skipað einum fulltrúa frá hverri félagsþjónustu og kýs ráðið sjálfst formann.
- 5.4. Þjónusturáðið setur sér starfsreglur sem stjórn byggðasamlagsins staðfestir.
- 5.5. Haft skal virkt samráð við fatlaða, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.
- 5.6. Verkefni þjónusturáðs eru:
- Umsjón með daglegri stjórnun þjónustusamningsins. Í þessu felst meðal annars:
    - umsjón og forgangsörðun innan ramma þjónustusamnings við Sveitarfélagið Árborg,
    - samráð vegna samninga við sjálfstæða þjónustuaðila og
    - stefnumótun í samvinnu við sveitarfélög, notendur og hagsmunaaðila.
    - gerð tillagna til stjórnar byggðasamlagsins um viðbrögð við ófyrirséðum útgjöldum.
  - Samhæfing þjónustu innan þjónustusvæðis. Í þessu felst meðal annars:
    - samhæfing um hlutverk, verkaskiptingu og nýtingu þjónustueininga,
    - umfjöllun um málefni þjónustuþega, sérstaklega þeirra sem þurfa þjónustu út fyrir eigið félagsþjónustusvæði
    - umsjón og samhæfing þjónustumats og
    - samráð vegna biðlista á þjónustusvæðinu.

- 5.6.3. Verkefni á sviði árangurstjórnunar og eftirlits. Í þessu felst meðal annars:
- a. samhæfing árangursmats,
  - b. samhæfing gæðastjórnunar,
  - c. samhæfing innra eftirlits,
  - d. upplýsingaöflun og skýrslugerð,
  - e. faglegt eftirlit með framkvæmd samninga við sjálfstæða þjónustuaðila.

## 6. Verkefni og rekstrareiningar

- 6.1. Félagsþjónustur annast almenna þjónustu við fatlaða, hver á sínu starfssvæði:
- 6.1.1. Ráðgjöf og aðra stuðningsþjónustu við fatlaða og fjölskyldur þeirra.
  - 6.1.2. Rekstur heimila með sólarhringsþjónustu, þjónustu- og íbúðakjarna.
  - 6.1.3. Þjónustu til stuðnings sjálfstæðri búsetu.
  - 6.1.4. Stuðningsfjölskyldur.
  - 6.1.5. Heimili fyrir börn með sólarhringsþjónustu
- 6.2. Félagsþjónusta Árborgar annast rekstur sérhæfðra þjónustueininga fyrir allt þjónustusvæðið:
- 6.2.1. Skammtímadvöl og VISS, vinnu- og hæfingarstöð með útibú í Þorlákshöfn og á Flúðum með samningum þar um.
- 6.3. Félagsþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar annast sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins samkvæmt þjónustusamningi við það:
- 6.3.1. Sérhæfða ráðgjöf, samkvæmt nánari skilgreiningu þjónustusamningsins.
  - 6.3.2. Stuðning við þjónusturáð vegna sameiginlegra verkefna á sviði stefnumótunar, eftirlits, gæðastjórnunar, árangursmats, upplýsingasöfnunar og skýrslugerðar.
  - 6.3.3. Þjónustu við stjórn byggðasamlagsins og þjónusturáð, ásamt umsýslu rekstrarsjóðs þjónustusvæðisins.
- 6.4. Félagsþjónustusvæði geta gert samninga sín á milli eða við aðra aðila um frekari samvinnu eða samrekstur en samningur þessi kveður á um.

## 7. Fjármögnun

- 7.1. Aðilar þjónustusvæðisins bera sameiginlega ábyrgð á fjármögnun þjónustu innan svæðisins eins og nánar er kveðið á um í samþykktum.
- 7.2. Til byggðasamlagsins Bergrisans bs, hér nefnt rekstrarsjóður, renna eftirfarandi tekjur
- 7.2.1. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem byggja á mati á þjónustuhörf tiltekinna einstaklinga.
  - 7.2.2. 0,25% af útsvarsstofni aðildarsveitarfélaga þjónustusvæðisins. Verði breyting á lögum um hlutfall útsvarsstofns vegna málefna fatlaðs fólks breytist hlutfallstalan í samræmi við það.
- 7.3. Tekjur af rekstri einstakra þjónustueininga, s.s. vegna vörusölu, renna til rekstraraðila, til frádráttar kostnaði á viðkomandi einingu.

## 8. Útgjöld

- 8.1. Rekstrarsjóður þjónustusvæðisins ber kostnað vegna eftirfarandi þátta:
  - 8.1.1. Greiðslna til sjálfstæðra þjónustuaðila á grundvelli þjónustusamninga.
  - 8.1.2. Greiðslna til félagsþjónustusvæða vegna þjónustu sem fellur undir lið 6.1.
  - 8.1.3. Árlegrar greiðslu til Sveitarfélagsins Árborgar vegna sameiginlegra verkefna, sbr. gr. 6.2 og 6.3.
- 8.2 Félagsþjónustusvæðin bera sjálf kostnað vegna grunnþjónustu við fatlað fólk.
- 8.3 Fasteignir sveitarfélaganna sem nýttar eru vegna þjónustu við fatlað fólk sem og tekjur og útgjöld vegna þeirra eru á forræði einstakra sveitarfélaga.

## 9. Samningar við sjálfstæða þjónustuaðila

- 9.1. Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að fela sjálfstæðum aðilum, s.s. sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum, að veita þjónustu á þjónustusvæðinu.
- 9.2. Samningar við sjálfstæða aðila skulu m.a. innihalda ákvæði um magn og gæði þjónustu, gæðatryggingu, réttindi notenda, fjármál, endurskoðun, skýrslugjöf, eftirlit og mat á árangri.
- 9.3. Samningur skal staðfestur af stjórn byggðasamlagsins fyrir undirritun.

## 10. Eftirlit, mat á árangri og skýrslugerð

- 10.1. Komið skal á innra eftirliti með þjónustu sem skal að lágmarki uppfylla opinberar kröfur sem gerðar eru til slíks eftirlits.
- 10.2. Árangur þjónustunnar skal metinn reglulega og skal matið meðal annars byggja á viðhorfum notenda þjónustunnar og aðstandenda þeirra.
- 10.3. Semja skal ársreikning byggðasamlagsins sem inniheldur samantekt yfir niðurstöðu þjónustusvæðisins.
- 10.4. Gefa skal út ársskýrslu um starfsemi þjónustusvæðisins, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir tölulegum upplýsingum sem lýsa eðli, umfangi og kostnaði þjónustunnar.
- 10.5. Halda skal tvo sameiginlega fundi aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins á ári, í apríl og október. Á vorkundi skal gerð grein fyrir ársreikningi og árskýrslu sl. árs en á haustfundi skal lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs ásamt starfsáætlun.

## 11. Meðferð ágreinings

- 11.1. Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum, sem ekki tekst að leysa innan stjórnar byggðasamlagsins, skal skipa sáttanefnd til að fjalla um ágreininginn og leita lausna á honum.
- 11.2. Í sáttanefnd skulu sitja þrír einstaklingar og skal einn tilnefndur af stjórn byggðasamlagsins einn af velferðarráðuneyti og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skal hann vera formaður.
- 11.3. Sáttanefnd leggur fram tillögu til stjórnar byggðasamlagsins um lausn ágreiningsins.

11.4. Samþykki stjórn byggðasamlagsins ekki sáttatillögu skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn.

## 12. Gildistími og endurskoðun

12.1. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2019.

12.2. Breytist forsendur samningsins geta samningsaðilar farið fram á endurskoðun hans. Breyttar forsendur teljast m.a.:

12.2.1. Verulegar breytingar á ákvæðum laga um málefni fatlaðra um umfang og gæði þjónustu við fatlaða.

12.2.2. Sameining sveitarfélaga eða breytingar á mörkum félagsþjónustusvæða.

12.2.3. Áætlanir um breytingar á mörkum þjónustusvæðisins.

12.2.4. Umtalsverð röskun á högum aðildarsveitarfélags sem gerir því ókleyft að efna ákvæði samningsins.

\_\_\_\_\_ 2019

Bláskógabyggð

Grímsnes- og Grafningshreppur

Hrunamannahreppur

Hveragerðisbær

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Sveitarfélagið Árborg

Sveitarfélagið Ölfus

Flóahreppur

Ásahreppur

Mýrdalshreppur

Rangárþing eystra

Rangárþing ytra

Skafthreppur